

Starfsáætlun og námskrá leikskólans Barnaborgar starfsárið 2019 – 2020



Barnaborg, Þingeyjarsveit

júní, 2019

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Húsnæði, barnafjöldi og starfsfólk	3
Yfirstjórn leikskólans.....	3
Hugmyndafræði Barnaborgar	3
Leikurinn	4
Skólastarfið	5
Umhverfið	5
Útivera	5
Hvíld.....	5
Matartímar	6
Móttaka og brottför.....	6
Forstofan.....	6
Samvinna við grunnskóla	6
Sérstakir viðburðir	7
Sérfræðiþjónusta.....	7
Þátttökuaðlögun.....	7
Öryggishandbók	8
Slys.....	8
Námssvið leikskólans.....	10
Sköpun og menning	10
Læsi og samskipti.....	10
Heilbrigði og vellíðan	11
Sjálfbærni og vísindi.....	12
Matsaðferðir í skólastarfinu.....	14
Heimildir	15

Inngangur

Í eftirfarandi riti er námskrá leikskólans Barnaborgar sett fram sem og starfsáætlun fyrir starfsárið 201 – 2020. Greint er frá áætluðum fjölda barna og aldri þeirra og fjallað um nýtingu á húsnæði leikskólans. Sagt er frá daglegu skipulagi og viðfangsefnum barnanna sem og sérstökum viðburðum á starfsárinu.

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla 2011* skal leikskólinn vera lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn læra hvert af öðru og skólastarfið er í stöðugri þróun (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 52- 53). Námskrár allra skólastiga eru í eðli sínu flókin og jafnvel umdeild fyrirbæri sem þurfa alltaf að vera lifandi og taka breytingum í takt við hið lifandi starf skóla (Edwards, Gandini og Forman, 2012). Í litlu samfélagi þar sem reynt er að bregðast skjótt við óskum um vistum barna tekur leikskólastarfið miklum breytingum ár frá ári og mánuð frá mánuði. Starfið mótast af aldri og samsetningu barnahópsins, mismunandi stórum árgöngum og þróun á samstarfi við grunnskólann.

Í ljósi þessa var ákveðið að námskrá leikskólans og starfsáætlun yrði sameinuð í eitt rit þar sem leitast er við að skipuleggja starfið, ásamt því að leggja hugmyndafræðilegan grundvöll og útfæra markmið og leiðir um námstækifæri barnanna.

Skólanámskrá Barnaborgar byggist á meginnáms sviðum leikskólans eins og þau eru skilgreind í *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Þau meginnáms svið byggja aftur á móti á lögum um leikskóla og grunnþáttum menntunar sem menntayfirvöld hafa sett og skilgreint. Við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar var leitast við að greina sérkenni leikskólans Barnaborgar, námsumhverfi barnanna og vinnuaðferðir starfsfólksins. Námskráin er ætluð til að setja raunhæf markmið, framkvæmda- og matsleiðir fyrir leikskólastarfið. Hún kveður á um vinnulag, skipulag sem og viðhorf til barna, þroska þeirra og náms.

Skólanámskráin tekur mið af *Skólastefnu Þingeyjarsveitar 2013 – 2017*. Í skólastefnu Þingeyjarsveitar eru sett fram leiðarljós fyrir starf skólanna í sveitarfélaginu. Leiðarljósín eru að skólarnir skuli rækta með nemendum vinnusemi ásamt verksviti, siðviti og bókviti sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu (Þingeyjarsveit, 2013). Leikskólastarf Barnaborgar skal einkennast af námstækifærum barna til að örva alhliða þroska þeirra. Í takt við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins skal skólastarfið vera lýðræðislegt í þeim skilningi að grunnstoðir lýðræðis séu mannkostir líkt og mannvirðing, sanngirni og siðvit, ásamt víðsýni, fróðleiksfýsn og ábyrgðarkennd. Í leikskólanum Barnaborg skulu börnin fá tækifæri og leiðsögn til að þroska með sér slíka mannkosti um leið og þessi gildi skulu einkenna alla vinnu starfsfólksins. Einkunnarorð Barnaborgar eru: **Sköpun – vinátta – gleði**.

Húsnæði, barnafjöldi og starfsfólk

Hausið 2019 flyst Barnaborg um set í nýtt húsnæði í suðurenda Þingeyjarskóla. Fyrstu vikurnar eftir sumarlokun mótast starfsemi leikskólans töluvert af yfirstandandi flutningum. Einnig er ljóst að dagsskipulag leikskólans mun taka einhverjum breytingum eftir því sem við lærum að nota möguleika nýs húsnæðis.

Reiknað er með að í ágúst 2019 muni 20 börn á aldrinum 11 mánaða til 5 ára eiga vistun í Barnaborg. Áætlað er að 5 starfsmenn í rúmlega 4 stöðugildum verði við leikskólann, að mestu í vinnu við umönnun og kennslu barnanna. Vinnuskipulag og stöðugildi í leikskólanum verða í þróun í nýju húsnæði. Stefnt er að því að samnýta starfsfólk leik- og grunnskóla varðandi þrif, mótuneyti og afleysingar.

Yfirstjórn leikskólans

Fræðslunefnd Þingeyjarsveitar starfar samkvæmt erindisbréfi frá árinu 2010.

Þar segir m.a. að fræðslunefnd hafi forgöngu um mótun skólastefnu fyrir sveitarfélagið og sé tengiliður sveitastjórnar við fagstofnanir um stefnumótun í fræðslumálum. Fræðslunefnd veitir sveitastjórn umsögn um ákvarðanir varðandi fræðslumál og gerir tillögur til sveitastjórnar um árlega fjárhagsáætlun skólastofnana sveitarfélagsins (Þingeyjarsveit 2011).

Leikskólinn Barnaborg er hluti af Þingeyjarskóla. Skólastjóri ber ábyrgð á rekstri leikskólans og að unnið sé eftir þeim lögum, reglugerðum, stefnum og námskrám sem eiga við um leikskóla. Deildarstjóri sinnir hefðbundinni leikskóladeildarstjórn en er jafnframt staðgengill leikskólastjóra sem leiðir faglegt starf leikskólans og sinnir verkstjórn og skipulagningu í fjarveru skólastjóra.

Barnaborg starfar jafnframt eftir verklagsreglum sveitastjórnar Þingeyjarsveitar um leikskóladeildir Þingeyjarskóla. Þar er m.a. kveðið á um innritunarreglur, opnunartíma leikskólans, trúnaðarskyldu starfsfólks og fleira sem starfsfólki leikskólans ber að fara eftir (Þingeyjarsveit, 2016).

Hugmyndafræði Barnaborgar

Hugmyndafræðilegur grunnur leikskólastarfsins eru hugmyndir ýmissa fræðimanna sem hafa mótað leikskólastarf víða um heim. Þræði frá þeim má finna í aðalnámskrá leikskóla, skólastefnu Þingeyjarskóla og lögum um leikskóla sem, eins og áður sagði, skólanámskráin byggir á. Hugmyndir og kenningar einstakra fræðimanna veita hins vegar skarpari sýn í starfinu og eru rök fyrir því hvers vegna hlutirnir eru framkvæmdir á ákveðinn máta.

Maria Montessori var ítölsk fræðakona og þræði frá hugmyndum hennar má finna víða, t.d. í Bandaríkjunum og í leikskólanum sem byggja á hugmyndafræði kennda við ítalska bæinn Reggio Emilia. Montessori taldi grundvallaratriði í kennslu vera skilning og þekkingu á börnum og lagði mikla áherslu á athuganir kennara á leik barnanna. Dagskipulagið þarf að vera sveigjanlegt og mótast af þörfum og getu barnanna. Montessori lagði jafnframt ríka áherslu á umhverfið í leikskóla. Það á að vera bjart, aðlaðandi og skipulagt. Hún taldi að skynjun barnanna væri mikil uppspretta náms og lagði því ríka áherslu á að börn hafi sjónræna og heyrnræna örvun, finni mismunandi lykt og áferð. Hluti af starfi kennarans felst í að útbúa fallegt og skipulagt umhverfi og leggja fram verkfæri og efnivið fyrir börnin til að rannsaka og vinna með (Mooney, 2013).

Maria Montessori taldi að börn geti og þurfi að fá að taka ábyrgð á sér og umhverfi sínu. Í því felst m.a. að börn nái í það sem þau vantar t.d. málningu í málverk, gangi frá í leikskólanum og haldi umhverfinu snyrtilegu í samvinnu við kennara. Hvetja skal börn til sjálfstæðis í stað þess að þjónusta þau til ósjálfstæðis (Mooney, 2013).

Montessori skipti æviskeiði mannsins niður í ákveðin þroskaskeið, hið fyrsta nær frá fæðingu til sex ára aldurs. Það einkennist af vilja barnsins til að drekka í sig alla mögulega þekkingu og því að barnið byggir á þessum aldri upp sjálfsmynd sína, þ.e. barnið öðlast skilning og skoðanir á því hvaða einstaklingur það er og hvað sá einstaklingur getur og vill. Montessori lagði áherslu á að barn á þessum þroskaskeiði þarfnist ástúðar og viðurkenningar, virðingar og skilnings, hlýju og verndar. Barnið þarfnast samskipta við aðrar manneskjur og eins mikils frelsis og sjálfstæðis og það ræður við (North American Montessori Center, 2007). Um leið lagði Montessori ríka áherslu á að fullorðnir skyldu ekki vanmeta getu barna (Mooney, 2013).

Samkvæmt kenningum fræðimannsins Johns Dewey er merkingarsköpun nátengd reynslu hvers einstaklings. Heimur barnsins víkkar stöðugt og hugsanatengsl myndast milli reynslu þess og því sem fjær stendur í heiminum (Dewey, 2000 [1933]). Hann benti einnig á að menntun hafi gildi í sjálfri sér og núinu. Þ.e. er að nám er ekki eingöngu undirbúningur fyrir framtíðina heldur hluti þess að lifa (Mooney, 2013).

Líkt og Montessori taldi Dewey mikilvægt fyrir kennara að kynna sér hug og reynslu barnanna. Hann taldi ígrundaðan undirbúning og skipulagningu kennara mjög mikilvæga og gagnrýndi skólustarf þar sem tilviljanakenndur skyndiáhugi barna réði ætíð hvað gert var. Á sama tíma lagði hann mikla áherslu á getu kennara til að greina viðbrögð barna við viðfangsefnum og þekkingu til að grípa óvæntar spurningar barna eða ófyrirséðar upptakomur og nýta þær til náms (Dewey, 2000 [1933]).

Rússneski fræðimaðurinn Lev Vygotsky taldi nám vera félagslega athöfn þar sem börn læra stöðugt hvert af öðru og fullorðnum í kringum sig. Hann benti á hvernig tungumálið og leikurinn fléttast saman, þar sem hvort styður við annað. Hann taldi jafnframt að flóknari hugsun væri mjög háð tungumálinu (Mooney, 2013, MacNaughton og Williams, 2009). Vygotsky lagði grunninn að hugmyndum um mikilvægi leiks barna þar sem hann taldi að leikur barna þar sem ímyndunaraflinu er beitt örvaði vitsmunalegan og félagslegan þroska þeirra og væri aðalþroskaleið þeirra (MacNaughton og Williams, 2009).

Margir fræðimenn hafa lagt hugmyndir að mörkum um heildstæðan þroska barns. Hvert barn er einstakt um leið og það lifir í ákveðnum samskiptum og samhengi við umheiminn. Heildstætt skólustarf miðar að því að styðja við þroska barna á heildstæðan hátt (Wagner, 2009). Margs konar áhrif móta þroska þess og til þess að skilja barnið þarf að fá heildstæða mynd af því fremur en að búta niður þroskaþætti í afmarkaða hluta. Þetta grundvallaratriði styður við áherslu á leik barna sem leið til náms, og athuganir kennara á börnum í leik. Í leik hefur barnið tækifæri til að prófa reynslu sína og tengja við nýja og þroskast á heildstæðan máta (Cooper, 2009). Um leið býður nám í gegnum leik kennurum tækifæri til að setja markmið um nám og nýta leikgleði barna til að kynna þeim stöðugt flóknari fyrirbæri (Bulkeley, 2009).

Leikurinn

Leikur barna hefur gildi í sjálfum sér, um leið og hann er megin námsleið barna. Leikurinn er grundvallaratriði í starfinu. Stundum þarf að hlúa að leiknum svo öll börnin geti notið sín. (Den styrkede pædagogiske læreplan, rammer og indhold, 2018). Dagskipulag Barnaborgar skal skapa öryggi, gott svigrúm fyrir leik barnanna og námstækifæri sem skapast hverju sinni. Í því felst að hópastarf og samverustundir skulu einnig gefa svigrúm fyrir leik barnanna. F.o.f. eiga börnin að fá tíma, pláss og næði

til að sökkva sér niður í leik. Inngrip og áhrif starfsfólks og kennara á leik barnanna þarf að ígrunda vel (Beckett, 2019).

Skólastarfið

Samverustundir eru rótgróinn hluti af leikskólastarfi og helsta einkenni þeirra er að þar skapast sameiginleg athygli hópsins á ákveðnu viðfangsefni (Nanna Marteinsdóttir, 2015). Börn og starfsfólk sest saman í *samverustundir* að minnsta kosti tvisvar sinnum á dag. Í samverustundum er sungið, lesið, sagðar sögur og farið í ýmsa leiki. Börnin fá að nota allan líkamann og skynfærin í samverustundum. Markmið þeirra eru að efla samkennd hópsins, auka vellíðan og öryggi, auðga orðaforða og flóknari hugsun barnanna. Markmiðin eru jafnframt að veita börnum tækifæri til að fá innsýn í aðra menningarheima. Í samverustund þjálfast börnin í að tjá sig fyrir framan hóp og kalla til skiptis eftir athygli hópsins.

Börnin vinna í smærri hópum u.þ.b. einu sinni í viku í listasmiðju og leikfimi og fleiri verkefni með kennara. Þar er m.a. unnið með athygli og einbeitingu barnanna, sjálfsstjórn og máltjáningu barnanna. Markmiðin eru: Að börnin hafi tækifæri til auka þekkingu sína, kynnist hugmyndum og skoðunum annarra, tileinki nýja færni og læri smátt og smátt að fylgja fyrirmælum. Leitast er við að tengja viðfangsefni lífi barnanna og nærumhverfi. Hugmyndir að viðfangsefnum koma bæði frá börnum og starfsfólki. Yfirleitt byrja börnin á því að setjast í samverustund þar sem viðfangsefnið tengist verkefnum t.d. í listasmiðju. Börnin fá að kanna og vinna með margvíslegan efnivið sem örvar bæði fín- og grófhreyfingar. Við leitumst við að börnin njóti sín og geti fundið fyrir stolti yfir eigin sköpunarkrafti. Tónlist skipar veglegan sess í leikskólastarfinu. Börnin syngja á hverjum degi, hlusta á tónlist, heyra þulur, upplifa hrynjandi, rím og hvernig tal og tónar fléttast saman. Tónlistarkennari Þingeyjarskóla sinnir tónlistartímum einu sinni í viku. Börnin fá að spreyta sig á hinum ýmsu hljóðfærum og einnig syngja þau, hlusta, klappa í takt og margt fleira.

Umhverfið

Við leggjum áherslu á skipulagt og aðlaðandi umhverfi í Barnaborg. Leikföngum er raðað í hillur og skúffur og börnin hjálpast að við tiltekt. Við ræðum um hversu vel gengur þegar allir hjálpast að, flokkum og greinum hvaða dót á heima á hverjum stað. Starfsfólk ber ábyrgð á því að hæfilega mikið af dóti sé í hillum sem börnin hafa aðgengi að. Við leitumst við að ganga frá listaverkum barnanna á fallegan máta og hengja upp þannig að verkefni og áhugi barnanna sem eru í leikskólanum hverju sinni móti umhverfið í leikskólanum. Á vegg hangir afmælisdagatal, með mynd af hverju barni.

Útivera

Útivera örvar alhliða þroska barnanna. Þau fá tækifæri til að hreyfa sig, styrkjast og kynnast náttúrunni. Í samverustundum ræðum við m.a. veðrið og það sem fyrir augu ber úti. Börnin eru hvött til að leika um allt útisvæði, klifra í trjám, hlaupa um og byggja upp þol til útiveru í mismunandi veðri. Öll börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag yfir veturinn. Vor, sumar og haust erum við mun meira úti, en nýtum vetrarmánuðina í fleiri verkefni innan dýra.

Munur er á útiveru yngstu og elstu barnanna. Þau fá tækifæri til að venjast vindi, kulda og úrkomu. Útivera eykst í samræmi við aukna hreyfigetu og alhliða þroska. Við leggjum mikla áherslu á útiveru og samvinnu við foreldra um þægileg og viðeigandi útiföt fyrir börnin.

Hvíld

Þau börn sem eru komin í þá svefnrúttína að sofa einu sinni á dag, fara eftir hádegismatinn í hvíld. Hvíldartíminn er 30 – 40 mínútur og við leggjum áherslu á að öll börnin hafi tækifæri til að slaka á. Við

drögum fyrir glugga, leggjum dýnur, kotta og teppi á gólfinn og minnkum hávaða í leikskólanum. Eldri börnin hlusta á sögur, leikrit og rólega tónlist. Yngri börnin eru færri saman í hvíld og hlusta á slökunartónlist. Í samstarfi við foreldra er ákveðið hversu lengi hvert barn sefur.

Á aldrinum 9 mánaða til rúmlega eins árs getur svefnrútína og svefnþörf barna breyst mikið. Leikskólinn tekur þátt í að móta svefnvenjur barna á þessum aldri. Reynt er að koma til móts við óskir foreldra um svefn inni eða úti.

Matartímar

Morgunmatur byrjar kl. 8:30 og er til kl. 9:00. Hádegismatur er kl. 11:40 til 12:10. Við hvetjum börnin til að smakka allan mat og ræðum um matinn á jákvæðan hátt. Börnin fá nónhressingu kl.15:00.

Móttaka og brottför

Við leggjum áherslu á að taka vel á móti hverju barni þegar það kemur í leikskólann. Við gætum jafnframt að því að öll börnin fái jafnmikla athygli. Við vöndum orðfærið, gefum til kynna að það sé gott og gaman að hitta barnið og sýnum áhuga á því sem barnið hefur frá að segja að heiman.

Í lok dags hafa börnin tækifæri til að geyma hálfkláruð verkefni, t.d. myndir, eða taka þau með sér heim. Við hvetjum foreldra til að koma inn í leikskólann og sýna barni sínu og því sem það er að gera áhuga. Jafnframt bendum við börnum á að í lok dags er ekki víst að þau nái að klára ný verkefni og það sé kurteis að taka vel á móti þeim sem kemur og sækir. Liður í agastefnunni um *jákvæðan aga* felst í því að börnin séu þátttakendur í skólastarfinu. Við ræðum við börnin um hvað við þurfum að hjálpast að með í skólanum og þau sinna ákveðnum hlutverkum til þess. Þetta gefur komu barnanna og veru í leikskólanum tilgang og aðstoðar þau við að sjá af foreldrum sínum í upphafi dags. Dagleg samskipti við foreldra eru mikilvæg þar sem við eflum tengslin og fáum og veitum upplýsingar um barnið.

Forstofan

Í forstofu takast börnin á við það krefjandi og þroskandi verkefni að klæða sig fyrir útiveru. Það eflir fín- og grófhreyfiproska, mál- og vitsmunaproska og ályktunarhæfni. Við setjum orð á athafnir og fatnað, hvetjum börnin til að klæða sig sjálf í fötin og bendum þeim á hversu mikið þau geta. Foreldrar skulu setja útiföt í hól barnanna og hengja á snagana. Aukaföt eru geymd í efra hólfi í forstofu. Í lok dags er ætlast til að foreldrar taki blaut og skítug útiföt heim í þvott og þurrkun og setji skó upp í skógrindur.

Samvinna við grunnskóla

Samkvæmt aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) á skólaganga barna að mynda samfellda heild og flutning úr leikskóla í grunnskóla þarf að vanda. Við vinnum náið með umsjónarkennara 1. bekkjar grunnskóladeildar Þingeyjarskóla og skipuleggjum reglulegar heimsóknir í grunnskólann undir lok leikskólagöngunnar. Starfsmaður leikskólans fylgir börnunum, leiðbeinir þeim og veitir öryggi í nýju umhverfi. Eftir því sem grunnskólaheimsóknum fjölgar og öryggi barnanna eykst, dregur starfsmaður leikskólans sig meira í hlé svo börnin hafi tækifæri að spreyta sig sjálf og tengjast þau kennurum og starfsfólki grunnskólans.

Samvinna leikskóladeilda Þingeyjarskóla við grunnskólann felur einnig í sér að 1. bekkur, ásamt umsjónarkennara, kemur einu sinni á vetri í heimsókn í hvorþannig er hlúð að tengslum barnanna og unnið

að samfellu náms. Heimsókn í leikskólann býður nemendum 1. bekkjar námsumhverfi sem þau þekkja og eykur samvinnu og skilning grunn- og leikskólakennara á vinnubrögðum hvors skólastigs.

Sérstakir viðburðir

Leikskólinn opnar eftir sumarlokun

Miðvikudaginn 7. ágúst 2019 opnar leikskólinn aftur eftir sumarlokun.

Ömmu- og afakaffi

Í nóvember er ömmu- og afa kaffi. Þá bjóða börnin ömmum og öfum sínum að koma í heimsókn, eða öðrum góðum gesti ef engin amma eða afa kemst í heimsókn. Markmið þessarar heimsóknar er að efla tengsl leikskólans við fjölskyldur barnanna og gefa börnunum tækifæri til að sýna mikilvægum manneskjum í sínu lífi leikskólann sinn.

Litlujól og jólaföndur

Leikskólinn heldur sín litlujól stuttu fyrir jólafrí. Foreldrafélag Barnaborgar hefur einnig staðið fyrir jólaföndri þar sem börn, foreldrar og starfsfólk leikskólans eiga saman notalega stund.

Foreldrakaffi

Í apríl bjóða börnin foreldrum í leikskólanum. Þá er hluti af verkefnum vetrarins til sýnis og börnin syngja nokkur lög. Foreldrakaffið er nokkurs konar uppskeruhátíð starfsársins, en einnig tækifæri til að efla tengsl starfsfólks og foreldra.

Sveitaferð

Í maí er farið í sveitaferð með þrjá elstu árganga leikskólans. Yngri börnin eru velkomin með í fylgd foreldris. Vikurnar á undan og á eftir er rætt og unnið með sauðburð og íslensku húsdýrin í leikskólanum. T.d. með því að lesa bækur um húsdýrin, ræða um þau í samverustundum, mála, lita og skapa á annan hátt.

Sérfræðiþjónusta

Sálfræðingur Þingeyjarskóla veitir ráðgjöf eftir þörfum. Í samráði við foreldra fær leikskólinn einstaklingsbundna greiningu og ráðgjöf frá talmeinafræðingi hjá Talþjálfun Norðurlands.

Þátttökuaðlögun

Í Barnaborg fer fram þátttökuaðlögun þegar barn byrjar í leikskólanum. Þátttökuaðlögun barna að lífinu í leikskóla hefur undanfarin ár rutt sér til rúms í flestum leikskólum landsins. Hún byggist á þeirri hugmyndafræði að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Jafnframt byggist þátttökuaðlögun á þeirri kenningu að foreldrar smiti eigin öryggiskennd og forvitni í nýjum aðstæðum til barna sinna. Þátttökuaðlögunin felur í sér að foreldrar eru þátttakendur frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum og hafa þannig tækifæri til að kynnast dagskipulaginu, starfsfólki og því námi og starfi sem fram fer í leikskólanum. Þannig geta foreldrar öðlast öryggi sem gefur börnunum mjög sterk skilaboð um að leikskólinn sé öruggur staður til að vera á (Kristín Dýrfjörð, 2009).

Áætlun fyrir þátttökuaðlögunina er eftirfarandi:

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga:

Dagur 1: frá kl. 9:00 – 11:30

Dagur 2: frá kl. 9:00 – 15:00

Dagur 3: frá kl. 8:00 – 15:00

Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru einnig virkir þátttakendur í aðlöguninni, ræða við foreldri og barn og sinna leikskólabörnunum. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Á 4. og 5. degi hefur reynslan sýnt að gott er fyrir börnin að vera sótt fljótlega eftir að þau vakna, þ.e. þau sem leggja sig aðeins einu sinni á dag í leikskólanum, kringum hádegisbilið. Starfsfólk metur aðlögunarferlið út frá þörfum hvers barns og ræðir við foreldra ef betra virðist að sveigja frá skipulaginu. Þau börn sem eiga vistunartíma færri daga vikunnar, fylgja áætluninni að mestu en reikna má með lengri viðveru foreldra fyrstu tvo dagana í annarri viku barnsins í leikskólanum.

Öryggishandbók

Í Barnaborg er leitast við að tryggja börnunum örvandi, en um leið öruggt umhverfi. Í starfinu er stuðst við *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014. Þar er greint frá fjölmörgum atriðum sem þarf að huga að í leikskólaumhverfinu. Öryggi barna er einnig tengt viðbrögðum gegn einelti. Starfsfólk Barnaborgar er meðvitað um að einelti geti átt sér stað í leikskóla og ræðir samskipti og líðan barna á hverjum starfsmannafundi. Á starfsmannafundum er einnig rætt um útisvæði leikskólans sem og húsnæðið. Þar metur starfsfólk hvar mestar líkur virðast á að börn hnjóti eða meiði sig á annan hátt og ákveður hvernig þurfi að fylgjast með og bregðast við. Upplýsingum um það er komið til skólastjóra og umsjónarmanns fasteigna Þingeyjarsveitar.

Mætingarlisti þar sem börnin eru skráð inn og út er staðsettur á torgi skólans. Lögð er áhersla á að starfsfólk viti alltaf réttan fjölda barna í leikskólanum, bæði úti og inni.

Neyðarkort með upplýsingum um hvert barn eru staðsett hjá dyrum á kaffistofu. Upplýsingar um símanúmer foreldra hanga á vegg hjá dyrum inn í kaffistofu. Upplýsingar um einstök börn og viðbrögð við slysum hjá þeim, ásamt viðeigandi lyfjum, t.d. ofnæmispenna, eru staðsett í efri skáp við hliðina á ísskáp í eldhúsi Barnaborgar.

Slys

Ef slys ber að höndum skal alltaf byrja á því að meta aðstæður og í verri tilvikum koma hinum börnunum út úr aðstæðunum og ræða við þau um það sem gerðist. Starfsfólk leitast alltaf við að halda ró sinni.

Minniháttar slys eru slys þar sem nóg er að setja plástur, þrifa, kæla og hugga, í tilfellum þar sem börnin t.d. detta eða rispa sig lítillaga. Annað hvort hringir starfsmaður að því loknu til foreldra og lætur vita af slysinu og að barnið geti klárað daginn, eða kemur upplýsingum áleiðis til þess starfsmanns sem hittir foreldri í lok dags. Kælipoki er staðsettur í frysti undir ísskáp. Sjúkrakassar eru staðsettir á hillu fyrir ofan lágan vask í eldhúsi.

Meiri áverkar: Ef barn hlýtur meiri áverka skal hafa samband við foreldra. Til dæmis þegar högg hefur komið á tennur, handleggsbrotnað eða fengið vægt höfuðhögg (við vægt höfuðhögg er ekki um að ræða uppköst eða óeðlilegt slen hjá barninu). Til að fá leiðbeiningar hjá lækni skal hringt í 1700, til að ná

sambandi við vaktlækni hjá heilsugæslu. Í þessu tilfellum fara foreldrar sjálfir með barnið til læknis ef þörf er á.

Alvarleg slys: svo sem fótbrot, slæm höfuðhögg og hálsáverkar. Ef um hálsáverka er að ræða skal athuga hvort barnið dofnað upp með því að strjúka yfir lófa þess eða iljar með t.d. nál til að athuga hvort það finni fyrir því. Alls ekki má hreyfa barnið ef það finnur ekki fyrir neinu og hringja strax í 112. Ef barn fær alvarlegt höfuðhögg eða fótbrot þarf að hringja strax í 112 og hringja svo í foreldra.

Slys eru skráð á sérstök eyðublöð, geymd í merktri möppu á skrifstofu.

Námssvið leikskólans

Í samræmi við áherslur aðalnámskrár er horft á nám barnanna sem heildstætt. Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu leikskólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 41).

Sköpun og menning

Eitt af einkunnarorðum Barnaborgar er *sköpun* og lítið er á sköpun, rannsókn og leit að lausnum sem nátengd ferli. Í lífi og starfi þurfa allir á færni til sköpunar að halda (Lena Sólveig Valgarðsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir). Í aðalnámskrá (2011, bls. 45) er lögð áhersla á að leikskólastarf skapi rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu barna. Menning er órjúfanlegur hluti leikskólastarfs og menning barnanna á að móta menningu leikskólans.

Markmið Barnaborgar

- Að börnin skapi, njóti sköpunarferlis og finni fyrir stolti yfir verkum sínum.
- Að leikskólastarfið miði að því að örva hugsun barnanna og gefi þeim tækifæri til að kynnast bæði eigin hugmyndum, tilfinningum og menningu sem og annarra. Að börnin myndi æ flóknari og víðtækari tengsl milli þess sem stendur þeim næst og því sem fjær er í heiminum.
- Að börnin eflist í lausnaleit.

Leiðir

- Bókakostur leikskólans skal vera vandaður og fjölbreyttur þar sem bæði er efni sem miðlar íslenskum menningararfi og frásögnum úr öðrum menningarheimum.
- Leikföng skulu endurspegla fjölbreytileika. Starfsfólk leitast við að ræða og draga í efa staðalímyndir um t.d. "stelpudót" og strákadót" og benda á fyrirmyndir sem vega upp á móti hefðbundnum kynjahlutverkum.
- Tónlist úr öllum heimshornum fær að hljóma í leikskólanum
- Unnið er með takta, dans og hreyfingar með sönglögum og börnin fá að spreyta sig við hristur og ásláttarhljóðfæri svo sem sílófóna.
- Tónlistarkennari við Þingeyjarskóla sér vikulega um tónlistartíma og á í samstarfi við deildarstjóra um viðfangsefni tímana.
- Börnin fá tíma til skapa úr efnivið með mismunandi áferð þar sem áhersla er lögð á ferlið ekki síður en lokaásýnd sköpunarverksins.
- Börnin fá tíma og rými til að sökkva sér niður í leik með opinn efnivið.
- Börn og starfsfólk leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín í samræðum og leik.
- Starfsfólk spyr opinna spurninga og gerir sér far um að ræða við börnin og velta vöngum yfir reynslu þeirra, áhuga og menningu.

Læsi og samskipti

Í aðalnámskrá kemur fram að börn eru félagsverur og í gefandi samskiptum eykst félagsfærni og sjálfsmýnd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta og þegar rætt er um læsi í leikskóla er átt við þekkingu, hæfni og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá sig á fjölbreyttan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 42).

Markmið Barnaborgar

- Að örva málþroska barnanna á fjölbreyttan hátt með gagnreyndum leiðum.
- Að efla með börnunum skilning á öðrum einstaklingum og umhverfi sínu.
- Að efla með börnunum færni í samskiptum og trú á eigin getu til að leysa úr togstreitu.
- Að börnin heyri vandað og blæbrigðaríkt mál og auki stöðugt málskilning og orðaforða sinn.

Leiðir:

- Við setjum orð á viðfangsefni dagsins, hluti sem börnin fást við, athafnir, myndir bóka, tilfinningar og fleira.
- Við lesum á hverjum degi fyrir börnin í litlum hópum og ræðum um efni bókanna. Bækur og umræður taka mið af þroska barnanna og auka orðaforðann.
- Þulur og ljóð eru hluti af því sem börnin heyra og vinna með.
- Börnin fá tækifæri til að búa til og flytja eigin sögur.
- Markviss vinna með gagnreynt málörvunarefni fer fram í samverustundum og hópastarfi.
- Bókstafir og orð eru sýnileg á veggjum og aðgengileg sem leikefniviður. Kennarar og starfsfólk vinna á þann hátt í samverustundum og hópastarfi að börnin kynnast því að rituð tákni hafi þýðingu, að lesið og skrifað sé í ákveðna átt, atkvæðum orða, hljómfalli og máhljóðum.
- Málþættir málþroskaskimuninnar Tras og heildarniðurstöður eru nýttar til að skipuleggja leikskólastarfið, bæði dagleg samskipti og viðfangsefni í samverustundum og/eða hópastarfi.
- Börnin hafa svigrúm til að spreyta sig í mannlegum samskiptum án þess að starfsfólk grípi of snemma inn í. Starfsfólk fylgist með, leggur til lausnir og orð ef á þarf að halda.
- Starfsfólk nýtir sér starfsaðferðir agastefnunnar *Jákvæður agi*. Þannig er stefnt að jákvæðari skólabrag og samskiptum sem einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Heilbrigði og vellíðan

Samkvæmt aðalnámskrá skulu börn í leikskóla læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, gott mataræði, hreyfingu, hvíld og hreinlæti. Undir námssviðinu *heilbrigði og vellíðan* er jafnframt lögð áhersla á náin og góð tengsl barna og umhyggjusemi í leikskólastarfinu öllu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 43)

Markmið Barnaborgar

Að leikskólastarfið stuðli að heilbrigði og vellíðan barnanna þar sem litið er á andlega og líkamlega heilsu sem samtvinnnaða heild.

Leiðir:

- Börn og fullorðnir í leikskólanum eru samstarfsmenn um góðan leikskóla, þar sem geta og áhugi barnanna til að taka þátt í leikskólalífinu er virt. Kennari aðstoðar börnin við réttláta ákvarðanatöku og sanngirni í garð annarra barna, t.d. við val á leikföngum.
- Matur sem boðið er uppá í leikskólanum skal vera hollur, fjölbreyttur og bragðgóður.

- Börnin eru hvött til að smakka allan mat en ekki neydd til þess. Börnin fá upplýsingar um hvað maturinn geri líkamanum gott. Við ræðum hvenær við erum södd og hvað við þurfum mikinn mat á diskana.
- Útivistarsvæði leikskólans er vel nýtt, bæði leikskólalóðin og svæðið í kring og börnin hvött til að leika sér og hreyfa sig um allan garðinn. Útivera er fyrir öll börnin að minnsta kosti einu sinni á dag. Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf og bent á hversu mikið þau sjálf geta.
- Starfsfólk leggur sig fram um að tengjast hverju barni með því að sýna því hlýju, virðingu, áhuga og skilning.
- Lögð er áhersla á virka hlustun m.a. með því að setja orð á tilfinningar sem börnin sýna og athafnir þeirra.
- Starfsfólk er vakandi fyrir allri tjáningu barnanna, t.d. merkjum um vanlíðan, og bregst við eftir umræður og ígrundun.
- Reglulega er boðið uppá íþróttatíma í sal fyrir börnin. Íþróttatímar skulu nýttir til að efla hreyfifærni með áherslu á leikgleði.
- Við syngjum lög um líkamann og heiti líkamsparta og hreyfum okkur í takt. Þannig aukum við skynjun og skilning barnanna á eigin líkamana og annarra. Unnið er út frá þeirri hugmynd að síaukinn skilningur og sjálfsvitund auki sjálfstjórn og vellíðan barnanna.
- Dagskipulag leikskólans skal þannig gert að það tryggi rútinu og stuðli að öryggiskennd barnanna og bjóði jafnframt uppá sveigjanleika. Umhverfi leikskólans er skipulagt þannig að börnin hafi öruggt, aðlaðandi og örvandi *athafnarými* og stutt skal við *atbeina* barnanna. Í því felst að börnin fái að taka þátt í ákvarðanatöku um hvar þau leika og með hvað. Það stuðlar að því að börnin nái að sökkva sér niður í leik, sem aftur stuðlar að vellíðan þeirra (Lena Sólborg Valgarðsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir, 2016).
- Öll börnin leggjast í hvíld a.m.k. einu sinni á dag.

Sjálfbærni og vísindi

Viðfangsefni sem tengjast sjálfbærni í menntun eru víðfeðm. Þekking bæði á náttúrunni og samfélaginu stuðla að skilningi á sjálfbærri þróun. Einnig þurfa börn að læra að takast á við ágreiningsefni, skoða þau frá öllum sjónarhornum og leita lausna. Vísindamenntun ungra barna felur m.a. í sér að kynnt eru hugtök vísinda og vísindaleg aðferð, þar sem spurt er spurninga og tilgátur rannsakaðar (Elín Guðrún Pálsdóttir og Kristín Norðdahl, 2016). Í aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 45) segir m.a. um sjálfbærni og vísindi að leikskólastarf skuli styðja við fróðleiksporsta barna, fylgjast með áhuga og námshneigðum þeirra og kynna ný viðfangsefni sem tengjast sjálfbærni og vísindum.

Markmið Barnaborgar:

- Að börnin rannsaki heiminn og auki stöðugt getu til að hugsa, ræða um og skilja það sem þau upplifa.
- Að börnin hafi tækifæri til að mynda tengsl milli þess sem þau upplifa heima, í leikskólagarðinum, gönguferðum og í viðfangsefnum innandyra. Reynsla þeirra verður þannig merkingarbær. Í þessu felst að nærumhverfi leikskólans, heimili barnanna og náttúran eru nýtt sem uppspretta umræðna, sköpunar og rannsókna.
- Að börnin velti vöngum yfir breytingum í náttúrunni og lífverum sem þau komast í tæri við.
- Að börnin auki stöðugt skilning sinn á stærð, lögun, áferð og lit fyrirbæra.

- Að börnin læri að ganga af virðingu um umhverfi sitt, leikskólahúsnaðið, garðinn og náttúruna.

Leiðir:

- Í listasmiðju, samverustundum og hópastarfi leggja kennarar fram spurningar um það sem fyrir augu barnanna ber úti, til dæmis farfugla að vori, eða nærumhverfi, t.d. Laxá og Skjálfandafljót og unnið er með margs konar þemu tengd náttúrunni.
- Kennarar nýta árstíðaskipti til að benda börnunum á breytingar í náttúrunni, leggja inn lög um vor, haust, vetur og sumar.
- Orð um áferð, form og breytingar eru lögð inn. T.d. blautur, kaldur, harður, mjúkur, þiðna, frjósa, renna, vaxa o.sv. fr.
- Í samræðum barnahóps og kennara miðla börn og kennari þekkingu sinni og reynslu. Virðing er borin fyrir skoðunum allra.
- Kennarar ýta undir tilraunir barnanna: T.d. Hvað gerist ef þið grafið dýpri holu?
- Börnin hafa aðgang að margs konar kubbum og formum til byggja úr, flokka og leika með á frjálsum hátt.
- Í samverustundum nota kennarar opnar spurningar og frásagnir til að fá börnin til að velta vöngum yfir vistsporum okkar.
- Börnin eru hvött til að ganga vel um, jafnt innan dyra sem utan.
- Við lesum bækur um fjölda og andstæður, teljum það sem fyrir augu ber, syngjum lög með talnarununni og teljum barnahópinn saman.
- Við skoðum, ræðum og sköpum mynstur og form.
- Við syngjum dagalagið og mánaðarlagið, teljum niður til jólanna, ræðum hvaða dagur er, rifjum reglulega upp afmælisdaga hvers barns og ræðum um tímann þegar tilefni gefst.

Matsaðferðir í skólastarfinu

Samkvæmt aðalnámskrá eru þroskættir sem leggja skal áherslu á að fylgjast með hjá börnum eftirfarandi:

- Alhliða þroski
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttaka í leik úti og inni
- Áhugasvið
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraftur
- Tjáning og samskipti

(Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 47).

Við skoðum listaverk barnanna og hvernig þau þróast. Við notum athuganir, skráningar, ljósmyndir og myndskreið til að greina og meta samskipti barnanna, líðan og áhugasvið. Í foreldraviðtölum er rætt við foreldra til að fá heildstæða mynd af hverju barni.

Fylgst er með hvernig börnin takast á við mismunandi viðfangsefni og efnivið til að greina alhliða þroska, frumkvæði og sköpunarkraft. Verkefni í listasmiðju og hópastarfi eru mismunandi, eftir því hvort markmiðið er að börnin skapi frjálst, kanni form og mynstur, öðlist nýja færni, t.d. að halda á skærum, eða tileinki sér nýja þekkingu með því að vinna úr nýrri reynslu og tengja við fyrri þekkingu. Fyrirmæli kennara og sá efniviður sem hann leggur til mótast af markmiðum sem sett eru hverju sinni.

Starfsfólk fylgist með börnunum í leik til að meta sjálfstæði þeirra, samskipti og félagsfærni. Við leggjum áherslu á að vinna að félagsfærni barnanna í samvinnu við foreldra og ræðum við foreldra ef togstreita myndast milli barna. Litið er á foreldra sem mjög mikilvæga samstarfsaðila til að styrkja félagsfærni barns og móta viðhorf þess til annarra barna.

Með Tras málþroskaskimun er reglulega fylgst með málþroska barnanna, einbeitingu þeirra, samskiptum og tjáningu.

Við mat á leikskólastarfinu, m.a. því hvort markmið skólanámskrár náist, er notast við fjölbreytileg matstæki. Ígrundum og umræða kennara og starfsfólks leikskólans ásamt samstarfi við foreldra myndar grunninn að mati og þróun á leikskólastarfinu. Til ígrundunar um gæði starfsins er efni frá *Danmarks Evalueringsinstitut*, s.s. *Dialogkorte* og *Themahæfte* nýtt. Umhverfi leikskólans og skipulag er reglulega endurskoðað með tilliti til þarfa barnanna, leiks þeirra og náms. Leikskólakennarar halda utan um skráningar á þroska og námi barnanna. Saman mynda skráningar um nám hvers barns heildarmynd sem nýtt er til að meta leikskólastarfið.

Helstu mats- og ígrundunartæki í Barnaborg:

- Námsmatsstofnun. (2013) TRAS: Skráning á málþroska ungra barna. Reykjavík: Menntamálastofnun.
- Uppeldisfræðilegar skráningar og námssögur sem skráðar eru af leikskólakennurum, og metnar eftir námsþáttum Aðalnámskrár leikskóla, 2011.
- Efni frá *Danmarks Evalueringsinstitut* sótt af: <https://www.eva.dk/dagtilbud>

Heimildir

- Beckett, T. (2019) *Sádan kan pædagoger bedst hjælpe legen på vej*. Sótt af: <https://www.eva.dk/dagtilbud-boern/saadan-paedagoger-bedst-hjaelpe-legen-paa-vej>
- Bulkeley, J. (2009). Understanding how babies develop and learn through documenting their learning journeys. Í Fabian, H. og Mould, C. (ritstjórar) *Development and Learning for Very Young Children*, (bls. 23 – 34) Los Angeles: Sage.
- Cooper, P.M. (2009). *The classrooms all young children need: Lessons in teaching from Vivian Paley*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Den styrkede pædagogiske læreplan, rammer og indhold*. (2018). Søborg: Børne- og Socialministeriet af Danmarks Evaluerings-institut.
- Dewey. J. (2000 [1933]). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (ritstjórar). (2012). *The hundred languages of children : the Reggio Emilia experience in transformation*. Santa Barbara: Praeger.
- Elín Guðrún Pálsdóttir og Kristín Norðdahl. (2016). Að efla leikskólastarf á námssviðinu sjálfærni og vísindi – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum lærum lífum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 189 – 223). Garðabær: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Kristín Dýrfjörð. (2009, 27. september). *Þegar barn byrjar í leikskóla*. *Mbl.is* sótt af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1302120/>
- Lena Sólveig Valgarðsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir. (2016). Leikur og sköpun – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum lærum lífum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 95 – 122). Garðabær: RannUng og Háskólaútgáfan.
- MacNaughton, G og Williams, G. (2009). *Teaching Young Children: Choices in Theory and Practice*. (2. útg.). Maidenhead: Open University Press.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*. Sótt af: http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf
- Mennta- og Menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Sótt af: <http://vinnuvefur.namskra.is/um/myndefni-a-namskra-is/>

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af: <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>
- Mooney, C.G. (2013) *Theories of childhood. An introduction to Dewey, Montessori, Erikson, Piaget and Vygotsky*. (2. útgáfa). Redleaf Press: St. Paul.
- North American Montessori Center. (2007). *The First Plane of Development: Birth to Age 6 – Montessori Philosophy*. Sótt af: <http://montessoritraining.blogspot.is/2007/07/montessori-philosophy-first-plane-of.html>
- Wagner, K. (2009). The holistic development of babies and young children. Í Fabian, H. og Mould, C. (ritstjórar) *Development and Learning for Very Young Children*, (bls. 9 – 22) Los Angeles: Sage.
- Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat mat leikskóla*. Mennta – og menningarmálaráðuneytið.
- Pingeyjarsveit.(2010). *Erindisbréf fræðslunefndar*. Sótt af: <https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/samthykkt-.erindisbref/erindisbref/erindisbref-fraedslunefndar.pdf>
- Pingeyjarsveit. (2013). *Skólastefna Pingeyjarsveitar 2013 – 2017*. Sótt af: <https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/skolar/skolastefna-thingeyjarsveitar-2013-2017.pdf>
- Pingeyjarsveit. (2016). *Verklagsreglur fyrir leikskóladeildir pingeyjarskóla*. Sótt af: <https://www.thingeyjarsveit.is/is/thjonusta/grunnskolar>